

Anna Hallin og Olga Bergmann
ANNARSTADAR - 04. 03 - 25. 03 2023



PORTFOLIO GALLERI

Anna Hallin
Olga Bergmann
ANNARSTAÐAR



Annarstaðar

Hvaðan koma okkur sögur? Hvaðan koma hugmyndir? Hvaðan kemur list? Við rúllum gegnum lífið, í vinnuna eða í skólann, í búðina og á barnaheimilið og svo aftur heim, svefndrukkin og hálfpartinn heilalaus. Stundum lýstur þó í huga okkar hugmynd sem er eins og hún komi annars staðar frá. Hún kippir okkur sem snöggvast út úr amstri hversdagsins og við stöldrum við andartak, hristum svo hausinn og höldum áfram okkar leið.

Hvað, samt, ef við dokum aðeins lengur við? Við getum dvalið í hugdettunni og jafnvel lært eitthvað af henni, hún getur jafnvel opnað okkur nýja sýn, hversu ómerkileg eða fjarstæðukennd sem hún kann að virðast í fyrstu. Kannski lifum við í tveimur heimum þar sem annar er reglubundinn hversdagsleikinn en hinn er eins konar ævintýraheimur þar sem allt getur gerst og nýjar hugmyndir spretta eins og blóm að vori. Af hugmynd kviknar hugmynd og fyrr en varir hefur okkur opnast heill heimur, nýtt sjónarhorn og nýr skilningur.

Anna Hallin og Olga Bergmann hafa búið og starfað saman mestöll sín fullorðinsár. Þær hafa líka lengi fengist við að sýna okkur inn í nýja heima. Sýningar þeirra, hvort sem þær vinna verkin saman eða hvor fyrir sig, eru eins konar sögu-stundir þar sem við getum týnt okkur sjálfum í ævintýrinu um stund og séð tilveruna í öðru ljósi. Þegar heimsfaraldurinn reið yfir og ósýnileg veiran skipaði okkur öllum í herkví varð það Olgu og Önnu að nýju yrkisefni. Veiran truflaði hversdagslega rútínu okkar og neyddi okkur til að hugsa lífið upp á nýtt í samtali við okkar nánustu. Í staðinn fyrir að vera á tætingslegu ferðalagi allan

daginn þurftum við að lifa í „búblum“ og forðast ókunnuga. Hvert leitar hugurinn þá? Leitar hann inn á við eða út í geim? Komu kannski til okkar nýjar sögur, nýjar hugmyndir?

Á sýningu Önnu og Olgu í Portfolio færa þær okkur skilaboð frá hinni víddinni sem bárust þeim í kóvídinu. Þar er komin heil sendinefnd af leirfígúrum eftir Önnu sem hefur frá mörgu að segja og hefur með sér túlk sem þó er þögull – við þurfum sjálf að ljá þeim rödd. Í farartesskinu hefur nefndin tréskúlptúra Olgu sem skýra nýja heimsmynd þar sem hið ytra speglar hið innra og plánetur og tungl dansa sinn eilífa en óræða tangó. Anna leggur líka til teikningar sem eru leiðarvísar, eins konar landakort, en líkt og með skilaboð sendinefndarinnar þurfum við sjálf að ráða fram úr þeim.

Þannig eru allar sýningar Olgu og Önnu. Þær birta okkur heillandi – og stundum ógnandi – ævintýraheim, fullan af sögum sem við þurfum sjálf að segja. Þannig spegla þær veruleika okkar allra: Það getur enginn kennt okkur að lifa, en ef við dokum við og gefum lífinu gaum getum við kannski lært eitthvað.

Jón Proppé



Tungl - Moon, viður - 2023 - Olga Bergmann



Leiðarljós - Beacon, viður, litað vax, postulín - 2023- Olga Bergmann



Svigrúm - Scope, víður, lítað vax - 2023 - Olga Bergmann



Himnakroppur - Celestial Body, víður, víðarkol, vax - 2023 - Olga Bergmann




Eind - Particle, viður, postulín, vax - 2023 - Olga Bergmann




Erindreki / Emissary, leirskúptúr - 2023 - Anna Hallin




Erindreki / Emissary, leirskúlpturn - 2023 - Anna Hallin



Boðberi / Messenger, leirskúlpturn - 2023 - Anna Hallin




Leiðarvísir - Núna / Map - Now, blekteikning - 2022 - Anna Hallin



Leiðarvísir - Áður / Map - Before, blekteikning - 2022 - Anna Hallin



Leiðarvísir - Síðar / Map - Later, blekteikning - 2022 - Anna Hallin



Lofthmynd / Aerial view, blekteikning - Anna Hallin



Lofthaf / Air sea, blekteikning - 2022 - Anna Hallin



Sporbaugur / Orbit, blekteikning - 2022 - Anna Hallin



Erindreki / Emissary, leirskúlpturn - 2023 - Anna Hallin



Stjörnuhreidur / A Nest of Stars, blekteikning - 2021 - Anna Hallin



VERÐSKRÁ

Tungl - Moon, Olga Bergmann	490.000.-
Leiðarljós - Beacon, Olga Bergmann	230.000.-
Svigrúm - Scope, Olga Bergmann	520.000.-
Himnakroppur - Celestial Body, Olga Bergmann	520.000.-
Eind - Particle - Olga Bergmann	490.000.-
Erindreki / Emissary - Anna Hallin	540.000.-
Erindreki / Emissary - Anna Hallin	540.000.-
Boðberi / Messenger - Anna Hallin	490.000.-
Leiðarvísir - Núna / Map - Anna Hallin	220.000.-
Leiðarvísir - Áður / Map - Before - Anna Hallin	220.000.-
Leiðarvísir - Síðar / Map - Later - Anna Hallin	220.000.-
Lofthaf / Aerial view	170.000.-
Lofthaf / Air sea - Anna Hallin	150.000.-
Sporbaugur / Orbit - Anna Hallin	150.000.-
Erindreki / Emissary - Anna Hallin	540.000.-
Stjörnuhreiður / A Nest of Stars 1	250.000.-
Annarstaðar - Elsewhere (1/3) Anna og Olga	280.000.-



PORTFOLIO
GALLERÍ

Hverfisgata 71
101 Reykjavík
galleri@portfolio.is
www.portfolio.is